

## Re: Rallý - innanbæjarleið eins og 2008

**Til** : Helga Stefánsdóttir  
**Frá** : Þórður Bragason <thbraga@simnet.is>  
**Heiti** : Re: Rallý - innanbæjarleið eins og 2008  
**Málsnúmer** : 1509714  
**Málsaðili** : Bifreiðaþróttaklúbbur Reykjav  
**Skráð dags** : 28.09.2015 15:43:25  
**Höfundur** : Þórður Bragason <thbraga@simnet.is>

Viðhengi [Innanbæjarleið - kort.jpg](#) [Innanbæjarleið - kort.jpg](#)

Sæl Helga,

Þetta yrði í Hafnarfirði, sjá kort, leiðin yrði keyrð niður eftir í tvígang. Nei, þetta er ekki hluti af RallyReykjavík (MMI ehf.), BÍKR heldur þessa keppni.

Líklega 15 bílar. Lokunin yrði eftir kvöldmat á föstudegi, ef allt gengur eftir þá myndum við reyna að hitta á beina útsendingu í RÚV íþróttafréttir en ég veit ekki hvort það verði. Það verður talsvert af gestaaðstoðarökumönnum, fjölmiðlar, lögregla, þið o.fl. Við þurfum ekki vegrið á þessa leið, bara nýta bremsukafla við beygjur og í endamarki.

Hætturnar eru þekktar.

1. Hægri beygjan (Brekkuþróð/Hvaleyrarbraut), þar setjum við þrengingu til að minnka hraðann fyrir beygjuna.
2. Vinstri beygjan við Kvikmyndasafnið, þar þarf beinann kafla ef einhver bremsar of seint.
3. Endamarkið (Óseyrarbraut) er "Dead Stop", þ.e. bílarnir eiga að stoppa í merktum ramma, þá er flaggað út. Þrenging er þar skömmu áður, ef einhver bremsar samt of seint þá er kaflinn út Óserarbrautina hugsaður sem bremsukafla.

Gæsla. Á hverjum "Pósti" verður a.m.k. enn vanur rallari sem þekkir hugsanlegar hættur og stýrir þeim vettvangi. Með honum verða svo 2 til 7 manns, misjafnt milli staða, flestir við Kvikmyndasafnið enda flestir áhorfendur á planinu þar. Í síðasta ralli voru 18 mannaðar bifreiðar á vegum keppnisstjórnar á ferðinni og við lokanir svo mönnun er ekki vandamál.

Lokanir. Bílum verður lagt þversum en samt skilið eftir pláss t.d. upp á gangstétt ef t.d. sjúkrabíll þarf að komast hjá.

Strætó. Á sínum tíma var rætt við strætó um að færa akstursleiðina meðan keppi færi fram, það var ekkert mál þá en það er eitt þeirra atriða sem lögreglan fer fram á að sé klárt áður en þeir gefa leyfi.

Viðbragðsáætlun. Hún er búin til í samstarfi allra "póststjóra", öryggisfulltrúa, keppnisstjóra o.fl. Hún er síbreytileg milli leiða og er búin til í aðdraganda keppni.

Lögreglan. Síðasta leyfið sem við fáum er leyfi lögreglu. Öll önnur leyfi, staðfesting á tryggingu, leyfi AKÍS (ÍSÍ) o.fl þarf að liggja fyrir áður en lögregla gefur sitt leyfi.

Áður en keppni hefst keyra allir keppendur leiðina í "röð" til að átta sig á þrengingum o.fl.

Fyrir hverja ræsing keyra a.m.k. tveir undanfarar leiðina og "kvitta" fyrir að hún sé fær. Í þeim bílum verða m.a. öryggisfulltrúi keppninnar ásamt brautarstjóra og fulltrúa AKÍS (ÍSÍ).

Lengd lokunar,, ég reikna með að þetta verði klukkutími eða einn og hálfur tími með stuttri opnun í miðjuni. Við lokum íbúa við Skípalón ekki af, þeir komast að ofanverðu til síns heima. Ljósgráu svæðin eru þau svæði sem lokast af, iðnaðarsvæði sem fæst eru með starfsemi á þessum tíma, samt hugsanlega einhver, þess vegna er áriðandi að setja auglýsingaskiltin tímanlega upp svo hægt sé að bregðast við.

Þetta er það helsta, mun fleiri atriði eru á lista hjá okkur eins og t.d. hvað á að gera ef t.d. sjúkrabíll kemur upp Hvaleyrarbraut til vesturs (Ræsing stöðvud, rautt flagg ef einhver er í brautinni). o.fl o.fl. Við erum ekki að gera þetta í frysta skipti.

Innanbæjarleiðar eru fastur hluti af röllum eins og höfnin í Keflavík, höfnin/Nafir á Sauðarkróki o.fl.

kv,  
Þórður Bragason

----- Upprunaleg skilaboð -----

Frá: "Helga Stefánsdóttir"

Til: "Þórður Bragason"

Sent: Mánudagur, 28. September, 2015 13:51:55

Efni: RE: Rallý - innanbæjarleið eins og 2008

Sæll Þórður, er þetta Rallý í Reykjavík sem er með þetta eins og í sumar? Hvað er verið að tala um langa loku ? hvað margir bílar? Hvernig eru varnir ef bílar velta út af vegi - eru sett vegrið?

En allavega þá þarf að taka þetta hér fyrir - næsti fundur er 7 okt.

Kv.HS

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur  
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2 I 221 Hafnarfjörður  
sími: 585-5500 I fax 585-5639

-----Original Message-----

From: Þórður Bragason [<mailto:thbraga@simnet.is>]

Sent: 28. september 2015 13:16

To: Helga Stefánsdóttir

Subject: Rallý - innanbæjarleið eins og 2008

Sæl Helga,

Ein keppni er eftir í Íslandsmóttinu í ralli og á hún að fara fram dagana 16. og 17. okt. Laugardagurinn er nánast kominn á hreint, ekið verður um Skjaldbreiðarveg og Kaldadal en föstudagskvöldið er óráðið. Mín hugmynd er að keyra innanbæjar í Hafnarfirði eins og við gerðum sumarið 2008. Ræst yrði rétt hjá Holtanesti og ekið niður iðnaðarkverfið og niður að Kænunni.

Lúðvík var bæjarstjóri á þeim tíma og var vel inni í öllu sem við vorum að gera, en auðvitað þurfum við samþykki lögreglu auk ykkar leyfis.

Við lærðum nokkur atriði síðast, ekkert klikkaði á öryggishliðinni en kynna þarf lokunina betur, hugmyndin var að setja skilti við alla innakstra í hverfið einni og hálfri viku fyrr svo allir sem eru einhverntímann á ferinni sjái þau. Þar yrði kort af lokuninni ásamt frekari upplýsingum. Það var hellingur af áhorfendum síðast, samt var þetta ekkert auglýst.

En nú langar okkur semsé að gera þetta aftur og þurfum að byrja á að fá ykkar leyfi áður en við tölum við lögreglu og ÍSÍ. Þarf ég ekki að hitta þig, eða einhvern frá ykkur og kynna framkvæmdina?

kv,

Þórður Bragason

Formaður Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur

S: 896-1442

FYRIRVARI / DISCLAIMER<<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>>